

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, föstudaginn 13. maí kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 868. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Borghildur Sölvey Sturludóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Brynja Kemp Guðnadóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Björn Ingi Edvardsson, Lilja Grétarsdóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Vitastígur 16, breyting á deiliskipulagi** (01.190) Mál nr. SN220106
Skjalnr. 13703

Eiríkur Kristján Gissurarson, Valadalur, 561
Klittur ehf., Akraseli 18, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram umsókn Eiríks Kristjáns Gissurarsonar dags. 20. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.0, vegna lóðarinnar nr. 16 við Vitastíg. Í breytingunni felst að heimilt er að auka byggingarmagn fyrir smáhýsi á baklóð um 18 fm, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Traðar dags. 16. febrúar 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Vitastíg 14a og Njálsgötu 41, 43 og 43a.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
- Gjúkabryggja 4, (fsp) skipting lóðar, fækkun** (04.022) Mál nr. SN220222
Skjalnr. 14411

bílastæða o.fl.

M11 arkitektar ehf., Blönduhlíð 6, 105 Reykjavík
FA40 ehf., Höfðabakka 3, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Hugrúnar Þorsteinsdóttur dags. 21. apríl 2022 um skiptingu lóðarinnar nr. 4 við Gjúkabryggju í tvennt, fækkun bílastæða í bílakjallara og að hús innan sömu lóðar verði með sama gólfkóta, samkvæmt uppd. M11 arkitekta ehf. dags. 21. apríl 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022 samþykkt.

3. **Laugavegur 25, (fsp) rekstur veitingastaðar** (01.172.0) Mál nr. SN220225
í flokki II Skjalnr. 12241
Götubiti ehf., Bröttugötu 3a, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Götubita ehf. dags. 22. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 9. apríl 2022 um rekstur veitingastaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 25 við Laugaveg, samkvæmt tillögu Arkþing/Nordic ehf. dags. 31. mars 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2022.
4. **Laugavegur 147, (fsp) fjölgun íbúða** (01.222.2) Mál nr. SN220219
Skjalnr. 14632
Eyjólfur Edvard Jónsson, Fífusel 34, 109 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Eyjólfis Edvarðs Jónssonar dags. 18. mars 2022 um að breyta íbúð merkt 0102 í húsinu á lóð nr. 147 við Laugaveg í tvær íbúðir, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2022.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2022 eru ekki gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.
5. **Ármúli 6, (fsp) lyftuhús** (01.290.0) Mál nr. SN220237
Skjalnr. 7167
Jón Stefán Einarsson, Heiðargarður 10, 230 Keflavík
Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Jóns Stefáns Einarssonar dags. 27. apríl 2022 um að setja lyftuhús á austurhlið hússins á lóð nr. 6 við Ármúla, samkvæmt skissu ódags. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Ekki er gerð athugasemd við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.
6. **Skúlagata 13, (fsp) merking húsnæðis** (01.154) Mál nr. SN220216
Skjalnr. 10028
Hopp Reykjavík ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn frá Hopp Reykjavík ehf. dags. 20. apríl 2022 um að merkja húsið á lóð nr. 13 við Skúlagötu, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
7. **Barmahlíð 43, Hækkun og þaki - innr. herb.** (17.100.19) Mál nr. BN060666
í risi Skjalnr. 12985
Barmahlíð 43-45, húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og innrétta stækkun íbúðar á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 43 við Barmahlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 6. apríl 2022 til og með 11. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

8. **Barmahlíð 45, Hækka þak + innr. herb** (17.100.20) Mál nr. BN060665
Skjalnr. 14324
Barmahlíð 43-45, húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og innréttu stækkun íbúðar á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 45 við Barmahlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 6. apríl 2022 til og með 11. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
9. **Grensásvegur 3-7, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.461.0) Mál nr. SN220125
Skjalnr. 7935
Krads ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Húsfélagið Grensásvegi 5, Grensásvegi 5, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Krads ehf. dags. 24. febrúar 2022 um breytingu á deiliskipulagi Skeifunnar vegna lóðarinnar nr. 3-7 við Grensásveg sem felst í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á lóð í samræmi við rammaskipulag, samkvæmt tillögu dags. 15. febrúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022 eru ekki gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.
10. **Sóltún 2-4, breyting á deiliskipulagi** (01.233.101) Mál nr. SN210452
Skjalnr. 5554
Studio Nexus slf., Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
Sóltún 4 ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Studio Nexus slf. f.h. Sóltún 2-4 ehf. dags. 16. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún. Breytingin felst í megin atriðum í því að lóðinni er skipt upp til tveggja nota annarsvegar hjúkrunarheimili í nr 2 og íbúðir í nr 4. Breytingar varðandi húshluta nr. 2 er að tvær álmur eru lengdar til að bæta við hjúkrunarrýmum, 5 hæðinni er bætt við að hluta og kjallarinn er stækkaður. Breytingar varðandi húshluta nr. 4 eru þær að formi byggingareits er breytt og notkun er breytt úr hjúkrunarheimili yfir í íbúðir, hæðar heimild er breytt úr 4 hæðum í 5 hæða hús með 6. hæð að hluta. Byggingarmagn og sérskilmálar eru uppfærðir m.v. þetta og bílastæðaskilmálar eru uppfærðir fyrir Sóltún 4, samkvæmt uppdr. Studio Nexus slf. dags. 10. júní 2021, síðast breytt 22. febrúar 2022. Einnig er lögð fram breytt tillaga Studio Nexus, móttekið dags 19. nóvember 2021, þar sem m.a. húsformi er breytt og samgöngumat unnið af VSÓ dags febrúar 2022. Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 til og með 11. maí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Helgi Gunnlaugsson dags. 25. apríl 2022, Þ. Toggi Björnsson dags. 25. apríl 2022, Steinþór Steingrímsson og Sólveig Hlín Kristjánsdóttir dags. 25. apríl 2022, Einar Karl Kristjánsson dags. 26. apríl 2022, Tryggvi Magnússon dags. 28. apríl 2022, 21 íbúðaeigendur að Mánatúni 2 dags. 2. maí 2022, Jónína S. Pálmadóttir dags. 5. maí 2022, Harald Isaksen dags. 5. maí 2022, Þórunn Selma Þórðardóttir dags. 8. maí 2022, Böðvar Freyr Stefnisson og Snædís Jóhannesdóttir dags. 9. maí 2022, Rakel Ármansdóttir, Birna Ketilsdóttir og Halla Bogadóttir fh. húsfélagsins Mánatún 6 dags. 9. maí 2022, Stefán Rafn Geirsson dags. 9. maí 2022, Dóra Stefánsdóttir, dags. 9. maí 2022, Emilía Örlygsdóttir og Ómar Örn Hauksson dags. 9. maí 2022, Waldorfleikskólinn Sólstafir dags. 10. maí 2022, 21 íbúðareigendur í Mánatúni 4 dags. 10. maí 2022, Jóhann P. Jónsson dags. 10. maí 2022, Eiríkur G. Guðmundsson dags. 10. maí 2022, stjórn íbúasamtaka Laugardals dags. 11.

maí 2022, Margrét Birgisdóttir, Árni Hallgrímsson dags. 11. maí 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 5. maí 2022 og umsögn íbúaráðs Laugardals dags. 10. maí 2022.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

11. **Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag** (04.9) Mál nr. SN210221
Skjalnr. 5435

Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga verkfræðistofunnar Eflu f.h. Reykjavíkurborgar og Kópavogs að nýju deiliskipulag Arnarnesvegar 3. áfanga. Deiliskipulagstillagan nær til hluta Arnarnesvegar, nýjum 2+2 vegi ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem nær að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Samhliða er gert ráð fyrir stofnstíg, aðskilinn hjóla- og göngustíg, frá Rjúpnavegi í Kópavogi og að Elliðaárdal ásamt tengistígum sem og meðfram Breiðholtsbrautinni og undir fyrirhugaða brú yfir Breiðholtsbraut. Jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú/vistloki yfir veginn. Arnarnesvegur sem liggur innan marka skipulagssvæðisins er um 1,9 km að lengd og liggur frá suðaustur hluta Leirdals að grænu opnu svæði norðan Breiðholtsbrautar, samkvæmt deiliskipulagsupprætti verkfræðistofunnar Eflu dags. 13. desember 2021, br. 13. maí 2022. Einnig er lögð fram greinargerð dags. 13. desember 2021, br. 13. maí 2022. Tillaga var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 11. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Elísabet Rákel Sigurðardóttir dags. 10. janúar 2022, Ívar Örn Lárusson dags. 1. mars 2022, Ríkarður Sigmundsson dags. 3. mars 2022, Valgerður Helgadóttir dags. 4. mars 2022, Elísabet Guðrún Jónsdóttir dags. 8. mars 2022, Kristján Jónsson dags. 8. mars 2022, Bjarni Gunnarsson, dags. 10. mars 2022, Helgi S. Ólafsson dags. 10. mars 2022, Hjalti Atlason dags. 10. mars 2022, Guðbrandur Gimmel dags. 10. mars 2022, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir dags. 11. mars 2022, Vinir Vatnsendahvarfs dags. 10. mars 2022, Ágústa Ýr Þorbergsdóttir dags. 10. mars 2022 og Halldór Páll Gíslason dags. 11. mars 2022. Að loknum athugasemdafresti barst athugasemd frá Bernharði Ólafssyni, Sofffu Eiríksdóttur, Aleksöndru Kojic og Heiðari Ásberg Atlasyni dags. 18. mars 2022. Einnig eru lagðar fram umsagnir frá eftirfarandi: Minjastofnun Íslands dags. 8. febrúar 2022, Veðurstofa Íslands dags. 28. febrúar 2022, Vegagerðin dags. 28. febrúar 2022, Umhverfisstofnun dags. 4. mars 2022, Náttúrufræðistofn Íslands dags. 4. mars 2022, íbúaráð Breiðholts dags. 8. mars 2022, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 10. mars 2022, Skipulagsstofnunar dags. 16. mars 2022 og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins 20. apríl 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

12. **Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi** (04.2) Mál nr. SN210780
Skjalnr. 5813

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Breytingin felst í að skipulagsmörkum deiliskipulagsmarka Elliðaárdals er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 1,7 ha. Breytingin er tilkomin vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar sem verða utan skipulagssvæðis. Minnkunin er til að samræma mörk deiliskipulags Elliðaárdals við nýtt deiliskipulag Arnarnesvegar, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 20. september 2021. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hollvínasamtök Elliðaárdals dags. 4. mars 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

13. **Eirhöfði 18, (fsp) tjald/köld skemma** (04.030.0) Mál nr. SN220207
Skjalnr. 6506
Anna Margrét Hauksdóttir, Látraströnd 17, 170 Seltjarnarnes
Heilsa og fegurð ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
AVH ehf. Arkitektúr-Verkfr-Hönn, Mýrarvegi Kaupangi, 600 Akureyri
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Önnu Margrétar Hauksdóttur dags. 12. apríl 2022 um að byggja viðbyggingu á austurhlíð núverandi húss og koma fyrir tjaldi/kaldri skemmu tímabundið á austurhlíð hússins á lóð nr. 18 við Eirhöfða fyrir aflestun á vörum, samkvæmt uppdr. AVH ehf. Arkitektúr-Verkfræði-Hönnun dags. 8. febrúar 2008, br. 10. mars 2022. Við breytinguna fækkar bílastæðum tímabundið á lóð um tvö. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
EKKI gerð athugasemd við erindið, hvað varðar viðbyggingu, ekki er fallist á skemmu/tjald utan byggingarreits, með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
14. **Kjalarnes, Vallá, ósk um umsögn um mat á umhverfisáhrifum** Mál nr. SN220186
Skjalnr. 10157
Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 29. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdar Stjórnueggja hf. sem felst í endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslu eggjabús Vallár á Kjalarnesi, samkvæmt umhverfismatsskýrslu Eflu, dags. 24. mars 2022. Óskað er eftir að umsögnin berist eigi síðar en 17. maí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða, deild náttúru og garða, og er nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022 samþykkt.
15. **Öskjuhlíð, Perlan, framkvæmdaleyfi** (01.762.5) Mál nr. SN220227
Skjalnr. 7104
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 25. apríl 2022 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu göngustígs í Öskjuhlíð umhverfis Perluna. Einnig er lagt fram minnisblað hönnuða um frumdrög að útfærslu dags. 21. október 2021, kynning dags. 16. desember 2021, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 18. mars 2022, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. maí 2022 og greinargerð umhverfis- og skipulagssviðs dags. 10. maí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
16. **Iðunnarbrunnur 15, Tvíbýlishús** (26.934.10) Mál nr. BN060509
Skjalnr. 14270
GP verk ehf, Rjúpnahæð 11, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum og kjallara að hluta á lóð nr. 15 við Iðunnarbrunn. Umsækjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindi nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022 samþykkt.

17. **Langholtsvegur 89, Kvistir, svalir,** (14.100.21) Mál nr. BN060844
klæðning, breytingar inni o.fl. Skjalnr. 9599
 Aforka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta fyrirkomulagi á lóð, endurbyggja og stækka til norðurs, einangra að utan og klæða með steiningu, gera svalir, breyta gluggum og þaki, bæta við kvistum, breyta notkun bílskúrs 010? í vinnustofu í séreign, innréttu íbúð í verslunarrými 010?, gera kjallara að eign íbúðar 0101, einnig er stigi á milli hæða fjarlægður og þess í stað gerð ný aðkoma að íbúð 0201 með stiga á norðurhlið húss á lóð nr. 89 við Langholtsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022 samþykkt.
18. **Laugarásvegur 52, (fsp) stækkun húss** (01.385.1) Mál nr. SN220251
 Skjalnr. 14636
 Grímur Víkingur Magnússon, Laugarásvegur 52, 104 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Gríms V. Magnússonar dags. 26. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 26. apríl 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 52 við Laugarásveg, samkvæmt uppdr. Gríms V. Magnússonar (3. stk.) dags. 26. apríl 2022. Einnig er lagt fram útlit síðustu aðaluppdratta með fyrirhuguðum breytingum og ljósmyndir af núverandi aðstæðum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Reynisvatnsás, breyting á skilmálum** Mál nr. SN220117
deiliskipulags Skjalnr. 9123
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagsviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2022 að breytingu á almennum skilmálum deiliskipulags fyrir Reynisvatnsás. Í breytingunni felst að heimild er gefin að skorsteinar og loftnet nái upp fyrir skilgreindar hámarkshæð húsa. Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 til og með 11. maí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kjartan Lilliendahl og Sigríður Bragadóttir dags. 1. maí 2022, Vörður Ólafsson og Svanborg Gústafsdóttir dags. 8. maí 2022, Íbúasamtök Úlfarsárdals dags. 8. maí 2022, Björn Ingi Björnsson dags. 8. maí 2022, Hilmar Karlsson dags. 8. maí 2022 og Þórður Antonsson dags. 9. maí 2022. Einnig er lagt fram bréf íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 27. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Sæviðarsund 100, (fsp) stækkun húss** (01.411.3) Mál nr. SN220261
 Skjalnr. 14640
 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 6. maí 2022 ásamt bréfi dags. 6. maí 2022 um stækkun húss á lóð nr. 100 við Sæviðarsund. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
21. **Blesugróf 30 og 32, (fsp) hækkun á gólfkóta** (01.885.3) Mál nr. SN220231
o.fl. Skjalnr. 13691
 Sigríður Kristjánsdóttir, Hlíðarvegur 48, 200 Kópavogur
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Sigríðar Kristjánsdóttur dags. 26. apríl 2022 um hækkun á gólfkóta lóðanna nr. 30 og 32 við Blesugróf ásamt því að heimilt verði að gera kjallara á lóðunum og að byggingarreitir verði minnkaðir. Einungis verða tvær íbúðir í hvoru húsi. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.

22. **Bræðraborgarstígur 2/Mýrargata 21,** (11.310.19) Mál nr. BN060119
Kirkja og safnaðarheimili Skjalnr. 12948
 Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja kirkju og safnaðarheimili úr járnbenntri steinsteypu, safnaðarheimilið á þremur hæðum, í kjallara m.a. helst stoðrymi og tengingangur, á fyrstu hæð eru m.a. eldhús, skrifstofa, salur og stoðrymi, á annarri hæð er salur og stoðrymi, fyrir 2 starfsmenn, 28 gesti á fyrstu hæð og 70 gesti á annarri hæð, kirkjan er á tveimur hæðum, í kjallara og aðkomuhæð eru salir og stoðrymi fyrir að hámarki 250 manns í húsi á lóð nr. 21-23 við Mýrargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
23. **Hlemmur og nágrenni - 2.áfangi:** (01.240.0) Mál nr. SN220252
Rauðarárstígur, framkvæmdaleyfi Skjalnr. 9064
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 3. maí 2022 um framkvæmdaleyfi vegna áfanga 2A sem tengist nýju torgsvæði Hlemms og nágrennis. Framkvæmdin gengur út á endurgerð lagna og yfirborðs Rauðarárstígar norðan Hverfisgötu. Einnig er lagt fram teikningasett VSÓ ráðgjafar dags. 1. maí 2022 og yfirlitsmynd ódags. er sýnir áfangaskiptingu framkvæmdarinnar. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
24. **Laugavegur 20B, breyting á deiliskipulagi** (01.171.5) Mál nr. SN220003
 Arnar Hannes Gestsson, Laugavegur 86-94, 101 Reykjavík Skjalnr. 6844
 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Páls V Bjarnasonar dags. 4. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar fyrir einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlið hússins fram að klapparstíg með þaksvölum, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 30. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. október 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. mars 2022 til og með 13. apríl 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Haraldur Ingvarsson f.h. Reykjavík Rent ehf. dags. 12. apríl 2022 og Einar Bjarnson dags. 12. apríl 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Láland 16, breyting á deiliskipulagi** (01.874.2) Mál nr. SN220187
 Kurt og Pí ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík Skjalnr. 10709
 Guðmundur Auðunn Auðunsson, Láland 16, 108 Reykjavík
 Lögð fram umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 30. mars 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 16 við Láland. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 16. mars 2022.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
 Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1511/2021.*

26. **Sólvallagata 14, (fsp) breytingar á húseign og lóð** (01.160.2) Mál nr. SN220230
Skjalnr. 13541
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 26. apríl 2022 um breytingar á húseign og lóð nr. 14 við Sólvallagötu. Einnig er lögð fram tillaga að nokkrum mögulegum útfærslum lóðar og húseign.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Engjavegur 13, Náttúru og fræðsluhús** (13.920.01) Mál nr. BN060944
Skjalnr. 13148
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja náttúru- og fræðsluhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum ásamt tengigangi við núverandi veitingasölu, í húsnaðinu verði jafnframt frístundaheimili fyrir börn í 3.-4. bekk með sér inngangi á suðausturhlið, þrjár kennslustofur á neðri hæð, stoðrymi og skrifstofur á efri hæð, mesti fjöldi í frístundaheimili er 25, heildarfjöldi sumarstarfsmanna er 100 og mest verða 200 börn í einu í frístund í húsi á lóð nr. 13 við Engjaveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Hringbraut Landsp., Eiríksgata 36 - Stöðuleyfi fyrir reiðhjólaskýli** (11.989.01) Mál nr. BN060864
Skjalnr. 9942
Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir hálfopnu reiðhjólaskýli fyrir 70 reiðhjól sem verður staðsett í porti Eirbergs og geðdeildar Landspítala á lóð nr. 36 við Eiríksgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
29. **Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting á deiliskipulagi** (01.19) Mál nr. SN210771
Skjalnr. 12506
Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Helgu Bragadóttur f.h. Nýs Landspítala ohf. dags. 16. nóvember 2021 varðandi breyting á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Breytt deiliskipulag nær til speglunar BT húss sem lækkar til austurs að Hvannargötu í stað vesturs að Fífilsgötu og færslu bílastæða, samkvæmt uppdr. Spítal ehf. dags. 17. febrúar 2022. Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 til og með 11. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
30. **Austurstræti 17, breyting á deiliskipulagi** (01.140.3) Mál nr. SN220140
Skjalnr. 10361
Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Eikar fasteignafélags hf. dags. 3. mars 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 17 við Austurstræti. Í breytingunni felst að heimilt er að vera með flóttastiga á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Traðar dags. 28. febrúar 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. apríl 2022 til og með 10. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

31. **Vitastígur 9 og 9A, breyting á skilmálum** (01.174.0)
deiliskipulags

Mál nr. SN210809
Skjalnr. 14025

Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 8. desember 2021 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0 vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Vitastíg. Í breytingunni felst niðurrif húsanna og enduruppbygging ásamt hækkun á nýtingarhlutfalli og byggingarmagni lóðanna, samkvæmt uppd. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 1. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 18. október 2021 og 15. nóvember 2021. Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 til og með 11. maí 2022. Athugasemd barst frá Minjastofnun Íslands í umsögn dags. 28. mars 2022.

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir